



Sveitafélagið Ölfus - Hafnarbergi 815 Þorlákshöfn

15. október 2024

í mótun Atvinnustefna Ölfuss

Stefnmótun og áætlanagerð fyrir sjálfbæra
þróun og blómlegt samfélag



ÖLFUS



Páll Marvín Jónsson
Kolbrún Hrafnkelsdóttir

Efnistöð

Listi yfir upplýsingagröf	2
Samantekt ÍSL	3
Summary ENG	3
Atvinnustefna Ölfus á að eiga rætur í nærumhverfinu	4
Aðalskipulagið grunnur að frekari stefnumótun	4
Aðalskipulag Ölfus 2020-2036 og atvinnumálin	5
Íbúakönnun	6
Þátttakendur	6
SVÓT greining	6
Niðurstöður SVÓT	6
Kostir & Gallar	7
Mikilvægast næstu 3-5 árin	8
Hvernig getum við bætt þjónustu Sveitarfélagsins	8
Fjárfest innan Ölfus	9
Forgang næstu 5-10 árin	10
Mikilvægi atvinnugreina	11
Matvælaframleiðsla	11
þjónusta, menntun og menning	11
Skapandi greinar	11
Iðnaður	11
Tækni- og hugverkaiðnaðurinn	12
Gildin	12
Áherslur	13
Framtíðarsýn Ölfus	14
Údráttur framtíðarsýnar fyrir Ölfus	14
Yfirlit yfir spurningar	15
Viðaukar - yfirlit	15



Listi yfir upplýsingagröf

Graf 1. Niðurstöður SVÓT greiningar úr íbúakönnun, raðað eftir fjölda tilnefnanna innan hvers flokks.	6
Graf 2. Kostir og Gallar við að reka fyrirtæki innan Sveitarfélagsins Ölfus	7
Graf 3. Mikilvægi atriða fyrir atvinnulífið næstu 3 til 5 árin.	8
Graf 4. Yfirlit yfir þá punkta sem komu fram varðandi bætingu á þjónustu.	9
Graf 5. Yfirlit yfir það hvað svarendur telja að Sveitarfélagið getur gert til fá fyrirtæki til að fjárfesta innan Ölfus.	9
Graf 6. Tafla og graf sem sýnir áherslur svarenda	10
Graf 7. Orðaský með áherslum svarenda varðandi hvaða önnur mál þeir telji að eiga að setja í forgang.	10
Graf 8. Skor atvinnugreina í matvælaframleiðslu.	11
Graf 9. Skor atvinnugreina í þjónustu, menntun og menningu.	11
Graf 10. Skor atvinnugreina í Skapandi greinum.	11
Graf 11. Orðaský með þeim greinum sem vega þýngst innan Iðnaðar.	11

Samantekt ÍSL

Skjalið er innlegg í vinnu við gerð atvinnustefnu fyrir Ölfus og byggir á könnun sem gerð var meðal íbúa í mars 2024. Aðalskipulag Ölfus til 2036 er þó ávalt grunnurinn að stefnu fyrir þróun íbúðarbyggðar, atvinnulífs, umhverfis og samgangna.

Helstu niðurstöður úr íbúakönnun:

Í könnuninni var notuð SVÓT greining (Strengths, Weaknesses, Opportunities, Threats) til að meta stöðuna Ölfusi. Helstu styrkleikar sem voru tilgreindir voru höfnin, náttúruauðlindir og jákvæður hagvöxtur. Veikleikar voru meðal annars takmarkaður vinnumarkaður og neikvæð viðhorf sumra íbúa til uppbyggingar. Tækifærin snerust um að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og stækka höfnina. Ógnir voru meðal annars orkuskortur, neikvæð almenningsálit varðandi þróun og samgöngumál.

Í greining á kostum og göllum við að reka fyrirtæki í sveitarfélaginu var algengasti kosturinn "Höfnin" og gott aðgengi að henni. Á eftir fylgja Gott samfélag og mannauður, Staðsetning sveitarfélagsins og Landrymi." Helsti gallinn er Smæð samfélagsins eða fámenni. Næst koma Neikvætt viðhorf og Samgöngur.

Næst var beðið um að raða þáttum eftir mikilvægi fyrir atvinnulífið í Ölfusi næstu 3-5 árin. Fólk taldi gott aðgengi að höfn vera mikilvægast. Næst komu samgöngur og þjónusta sveitarfélagsins við fyrirtæki. Minna mikilvægi var lagt á aðgengi að alþjóðlegum flugvelli, húsnaðismarkaðinn í Ölfusi og stefnu ríkisstjórnarinnar.

Hvernig má bæta þjónustu sveitarfélagsins til að efla atvinnulíf í Ölfus? Niðurstöðurnar bentu á mikilvægi jákvæðni og góðs viðmóts gagnvart nýjum fyrirtækjum, uppbyggingu innviða, betri vetrarfærð, lækkun gjalda og aukningu á framboði lóða.

Næsta spurning snéri að því hvernig viðkomandi telji að sveitarfélagið geti fengið fyrirtæki til að fjárfesta í uppbyggingu innan sveitarfélagsins Ölfus. Flestir töldu að með jákvæðu viðhorfi, með skýrum áherslum í skipulagi, nægu framboði á lóðum ásamt frekari uppbyggingu innviða væru leiðirnar sem líklegastar væru til að ná árangri í því að hafa áhrif á fyrirtækin til að fjárfesta í Ölfusi Einnig var nefnt að halda úti kynningum og styrkja ímynd Sveitarfélagsins.

Beðið var um að nefna og raða fimm mikilvægum gildum sem sveitarfélagið ætti að horfa til við móton og framkvæmd stefnunnar. Algengustu gildin voru: Heiðarleiki; Umhverfismál; Rekstraröruggi/Öryggi; Nýsköpun og Frelsi.

Þátttakendur voru spurðir um fimm megináherslur í atvinnustefnu Ölfuss, raðaðar eftir mikilvægi. Megin áherslan var að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og laða ný fyrirtæki til svæðisins.

Loks var óskað eftir því að svarendur segðu frá sinni framtíðarsýn fyrir atvinnulífið í Ölfusi og var Gervigreind fengin til að setja saman heilstæða sýn byggða á svörum þátttakend.

Summary ENG

The document serves as input for developing a business strategy for Ölfus and is based on a survey conducted among residents in March 2024. However, the master plan for Ölfus until 2036 will always be the foundation for strategies regarding residential development, business, environment, and transportation.

Key findings from the resident survey:

The survey used a SWOT analysis (Strengths, Weaknesses, Opportunities, Threats) to assess Ölfus' position. The main identified strengths were the harbor, natural resources, and positive economic growth. Weaknesses included a limited job market and negative attitudes from some residents towards development. Opportunities revolved around increasing business diversity and expanding the harbor. Threats included energy shortages and negative public opinion regarding development and transportation issues.

In an analysis of the pros and cons of operating businesses in the municipality, "The Harbor" and good access to it were the most common advantages, followed by Community and Human resources, the Municipality's Location, and Available Land. The main disadvantage was the small size or low population of the community, followed by Negative Attitudes and Transportation.

Subsequently, participants were asked to rank factors in terms of importance for Ölfus' business environment over the next 3-5 years. Good access to the harbor was considered most important, followed by transportation and municipal services for businesses. Less importance was given to access to an international airport, the housing market in Ölfus, and government policies.

How can municipal services be improved to strengthen the business environment in Ölfus? The results highlighted the importance of positivity and a good attitude towards new companies, infrastructure development, better winter road maintenance, reduced fees, and increased availability of plots.

The next question addressed how the municipality could attract companies to invest in development within Ölfus. Most believed that a positive attitude, clear planning emphasis, ample plot availability, and further infrastructure development were key factors likely to influence companies to invest in Ölfus. It was also suggested to maintain promotions and strengthen the municipality's image.

Participants were asked to name and rank five important values the municipality should focus on when shaping and implementing its strategy. The most common values were: Integrity; Environmental issues; Operational security/Safety; Innovation; and Freedom.

Participants were asked about the five main focuses of Ölfus' business strategy, ranked by importance. The primary focus was to develop a diverse business environment and attract new companies to the area.

Finally, respondents were asked to share their vision for Ölfus' business future. Artificial intelligence was used to compile a comprehensive vision based on participant responses.



Atvinnustefna Ölfus á að eiga rætur í nærumhverfinu

Vinna við gerð sérstakrar atvinnustefnu fyrir Sveitarfélagið Ölfus hefur staðið yfir í nokkurn tíma en hefur dregist á langin m.a. vegna aðstæðna innan sveitarfélagsins. Heit umræða og nokkur ágreiningur hefur átt sér stað um einstakar framkvæmdir og áform fyrirtækja um mikla uppbyggingu á starfsemi innan sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að stefnumótunin og atvinnustefnan eigi rætur í nærumhverfinu og að hún endurspegli þarfir, áherslur og væntingar samfélagsins í heild.

Íbúakönnunin var opinn á netinu frá 13. mars til 25. mars og auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og vefmiðlinum Hafnarfréttum. Þátttaka var því miður minni en vonir stóðu til um og vantaði t.d. þátttöku frá íbúum sem eiga íslensku ekki sem móðurmál. Ástæður dræmrar þátttöku íbúa í könnuninni geta verið margvíslegar, eins og var hún nægjanlega vel kynnt, er fólk ánægt og treystir stjórnendum sveitarfélagsins, eða finnst þeim þau ekki hafa rödd og að ekki sé hlustað?

Vefkönnunin er aðeins hugsuð sem innlegg í stefnumótunarvinnuna en í ljósi þess að könnunin virðist ekki hafa náð til ákveðinna hópa í samfélaginu er æskilegt að reyna að nálgast þá hópa sérstaklega í frekari vinnu við stefnumótunina og gefa þeim þannig kost á að koma með innlegg í þessa vinnu.

Aðalskipulagið grunnur að frekari stefnumótun

Sú atvinnustefna sem unnið er eftir í dag er að finna í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins sem gildir til 2036. Aðalskipulag er langtímaáætlun sveitarfélags sem tekur á því hvernig landsvæði þess á að þróast. Það er eins konar masterplan fyrir stefnu er varðar þróun íbúðarbyggðar, atvinnulífs, umhverfis, samgangna, og annarra sviða innan sveitarfélagsins.

Aðalskipulagið er í raun afurð samráðs milli sveitarfélagsins og íbúa þess um framtíðarsýn svæðisins og er grunnur að öllu öðru skipulagi innan sveitarfélagsins, svo sem deiliskipulagi og byggingaleyfum. Aðalskipulagið er bindandi gagnvart lögum fyrir sveitarstjórn og starfsmenn þess um hvernig framkvæmdir skulu fara fram á tilteknum svæðum. Því þarf öll frekari stefnumótun að taka mið af aðalskipulagi sveitarfélagsins ella koma með og gera tillögu að breytingu á því. Aðalskipulagið er þannig lykilskjál í þróun sveitarfélaga hvað varðar uppbyggingu atvinnusvæða og annara skilgreindra svæða innan skipulagsins og tryggir að skipulagsvinnan sé í samræmi við langtímamarkmið sveitarfélagsins. Þannig hjálpar aðalskipulagið til við að tryggja sjálfbæra þróun, bæta umhverfi og auka lífsgæði íbúa sveitarfélagsins.



Aðalskipulag Ölfus 2020-2036 og atvinnumálin

Eðli málsins samkvæmt er innan Aðalskipulags Ölfuss því víða komið inn á uppbyggingu á atvinnustarfsemi innan sveitarfélagsins og er hér að finna yfirlit þau helstu atriði er snúa að atvinnumálum og atvinnustefnu.

- **Aukin fjölbreytni í atvinnulífi:** Í Aðalskipulagi Ölfus er lögð áhersla á að skapa aukin tækifæri fyrir fjölbreyttari atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, bæði í þéttbýli og dreifbýli.
- **Nægt lóðaframboð:** Aðalskipulagið leggur áherslu á að vera með nægilega mörg lóðaframboð undir fjölbreytt atvinnulíf og stuðla þannig að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum.
- **Aðlaðandi umhverfi:** Aðalskipulagið leggur áherslu á að bjóða upp á aðlaðandi umhverfi fyrir fyrirtæki, með vandaðri ásjúnd og góðri hönnun lóða.
- **Sveigjanleiki:** Aðalskipulagið leggur áherslu á að hús og svæði geti nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað, sem stuðlar að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.
- **Lausnir í sorpmálum:** Aðalskipulagið leggur áherslu á að vera með góðar lausnir á sorpeyðingarmálum, með því að tryggja gott aðgengi að sorpgámum og styðja við endurvinnslu sorps.
- **Orkuvinnsla:** Aðalskipulagið leggur áherslu á að stuðla að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir atvinnulíf og byggð á svæðinu. Samhliða því er lögð áhersla á að vera með góðar lausnir á orkuvinnslu.



Skilmálar sem settir eru fram er varða iðnaðarsvæði:

- Aðalskipulagið setur fram kröfur um vandað og samræmt útlit mannvirkja, sjónræn áhrif, umgengni og samþættingu við útivist.
- Skilmála um mengunarvarnir.
- Skilmála um skólphreinsistöðvar.
- Skilmála um starfsemi sem tengist orkufrekri starfsemi á Hellisheiði.

Auk þessara atriða kemur fram áhersla á:

- Þjónustu og starfsemi tengda ferðaþjónustu, bæði í þéttbýli og dreifbýli.
- Verslun og þjónustu í tengslum við höfnina.

Það er því ljóst að innan Aðalskipulagsins hefur sveitarfélagið Ölfus sett fram skýra stefnu um að styðja við atvinnuþróun og skapa skilyrði fyrir fjölbreyttara atvinnulíf til að tryggja bættan efnahagslegan stöðugleika og bætt lífsgæði íbúanna.

Íbúakönnun

Í mars sl. var gerð vefkönnun meðal íbúa Ölfus um vilja þeirra um áherslur í stefnu sveitarfélagsins í atvinnumálum. Könnuninni var ætlað að safna saman hugmyndum íbúa og fá ólík sjónarhorn upp á yfirborðið í þeim tilgangi að leggja grunn að frekara samstali við íbúa á opnum íbúafundi þar sem mótaður verður leiðarvísir að blómlegu atvinnulífi, heilbrigðu umhverfi og sterku samfélagi.

Þátttakendur

Þátttaka í könnuninni var töluvert minni en vonast var eftir en alls tóku 34 þátt í könnuninn og var kynjahlutfallið jafnt eða 50% karlar og 50% konur. Meirhluti eða 91% þátttakenda voru með búsetu í Ölfuss. Miðju aldurshóparnir voru lang fjölmennastir eða 47% voru á aldurbilinu 41-65 ára, 41% á aldursbilinu 26-40 ára, 9% voru 65 ára og eldri og 3% voru 18 til 25 ára.

Allir þátttakendur höfðu íslensku að móðurmáli og 56% þátttakenda voru með háskólagráðu. 56% þátttakenda starfa innan Ölfus og 32% sækja vinnu utan Ölfus. Þeir sem sækja vinnu utan Ölfuss sækja hana flestir til höfuðborgarsvæðisins eða 64%, Árborgar 18% og Reykjaness 9% og annað 9%.

Alls eru 57% þátttakenda í námi eða stefna á frekara nám og 47% eru ekki í námi og reikna ekki með að mennta sig frekar.



SVÓT greining

Fyrsti hluti könnunarninnar snéri að því að gera SVÓT greiningu. Svót greining er tæki í stefnumótun sem notað er til að meta styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnir fyrirtækis, verkefnis eða sveitarfélags.

Hún hjálpar okkur að:

- Finna innri þætti:** Styrkleika og veikleika innan Sveitarfélagsins.
- Greina ytri þætti:** Tækifæri og ógnir sem eru til staðar í umhverfinu utan Sveitarfélagsins.

Með því að greina þessa fjóra þætti er hægt vinna að frekari stefnumótun sem þá nýtir styrkleika Sveitarfélagsins og vinnur úr veikleikum þess, reynir að fanga þau tækifæri sem eru til staðar og á sama tíma reynir að draga úr þeim ytri ógnunum sem steðja að Sveitarfélaginu. Greiningin leiðir þannig til betri og skilvirkari aðferða við að ná settum markmiðum.

Niðurstöður SVÓT

Spurningar:

- Hverjir eru helstu styrkleikar atvinnulífsins í Ölfusi að þínu mati?
- Hverjir eru helstu veikleikar atvinnulífsins í Ölfusi að þínu mati?

Í raun kom lítið á óvart í SVÓT greiningunni en helstu niðurstöður hennar má sjá í Grafi 1. Þar eru þau atriði sem eru nefnd oftast efst í hverju flokki og svo koll af kolli. Höfnin er hvað oftast nefnd sem **STYRKLEIKI** Sveitarfélagsins, „Náttúrulegar auðlindir“ og „Vöxtur atvinnulífsins“. Einnig koma margir inn á „Jákvæðni Sveitarfélagsins“ gagnvart uppbyggingu sem styrkleika. „Einhæft atvinnulíf“, „Innviðir“ og „Neikvætt viðhorf íbúa“ gagnvart upbyggingu er nefnt sem **VEIKLEIKI**.

Spurningar:

- Hvaða tækifæri eru fyrir atvinnulífið í Ölfusi að þínu mati?
- Hvaða ógnanir eru fyrir atvinnulífið í Ölfusi að þínu mati?

Helstu **ÓGNANIR** eru „Orkuskortur“ og „Viðhorf eða neikvæðni íbúa gagnvart uppbyggingu atvinnulífsins“. Einnig er þar ofarlega á baugi „Mengandi iðnaður“ og „Samgöngur“. **TÆKIFÆRIN** sem eru oftast nefnd eru „Að stuðla að uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs“ og „Frekari stækkun hafnarinnar“. Einnig eru margir sem nefna „Vaxandi bær“ eða að tækifæri felist í þeim mikla vexti sem hefur verið undanfarina ár og því „Mikla landrými“ sem sveitarfélagið hefur aðgang að (Graf 1).

Graf 1. Niðurstöður SVÓT greiningar úr íbúakönnun, raðað eftir fjölda tilnefnanna innan hvers flokks. T.d. nefndu flestir höfnina sem styrkleika og þar á eftir komu náttúrulegar auðlindir.

Kostir & Gallar


Næstu spurningar snúa að því hvaða kostir og gallar viðkomandi telji að fylgi því að reka fyrirtæki innan sveitarfélagsins Ölfus (Graf 2). Eins og gefur að skilja þá koma flest þau atrið sem nefnd eru hér einnig fram í SVÓT greiningunni en þó ekki með sömu röðun.

Spurningar:

- Hverjir eru helstu kostir þess að reka fyrirtæki í Ölfusi?
- Hverjir eru helstu gallar þess að reka fyrirtæki í Ölfusi?

Lýkt og í styrkleikunum í SVÓT þá er það „Höfnin“ og aðgengi að henni sem kemur hvað oftast fyrir sem **KOSTUR** en það er áhugaver að sjá að „Gott samfélag og mannauður“ kemur þar næst ásamt „Staðsetningu“ eða legu sveitarfélagsins og „Landrými“ eða svigrúmi til athafna.

„Smæð samfélagsins“ eða fámenni er oftast nefnt er kemur að **GÖLLUM** en þar á eftir kemur „Neikvætt viðhorf“ og „Samgöngur“.



Graf 2. Kostir og Gallar við að reka fyrirtæki innan Sveitarfélagsins Ölfus.


Mikilvægast næstu 3-5 árin

Í næstu spurningu var beðið um að raða ákveðnum þáttum eftir mikilvægi fyrir atvinnulífið

Spurning:

Hvernig myndir þú raða eftirfarandi eftir mikilvægi fyrir atvinnulífið hér í Ölfusi næstu 3-5 árin?

„Gott aðgegni að höfn“ er mikilvægast (Graf 3, bláar súlur) að mati flestra, svo koma „Ríkar náttúruauðlindir“ og „Aðgengi að lóðum“. Atriði sem voru talinn minnst mikilvæg voru „Aðgengi að aðþjóðlegum flugvelli“, „Húsnæðismarkaðurinn í Ölfusi“ og „Stefna ríkisstjórnarinnar“ (Graf 3).



Graf 3. Mikilvægi atriða fyrir atvinnulífið næstu 3 til 5 árin (% af fjölda).

Hvernig getum við bætt þjónustu Sveitarfélagsins

Næsta spurning snýr að því hvernig við getum bætt þjónustuna í þeim tilgangi að efla atvinnulífið innan Sveitarfélagsins.

Spurning:

Hvernig telur þú að Ölfus geti bætt þjónustu sína við atvinnulífið og mætt betur þörfum og áskorunum starfandi fyrirtækja á svæðinu? (Mikilvægt er að rödd íbúa heyrist til að stuðla að jákvæðri uppbyggingu á starfssemi innan sveitarfélagsins)

Helstu niðurstöður snéru að viðmóti og jákvæðni gagnvart aðilum sem hafa áhuga á að hefja starfsemi innan Sveitarfélagsins. Einnig kom skýrt fram þörfin á að byggja upp innviði og laga samgöngur og þá einnig tryggja góðar samgöngur á veturna. Einnig kom hér fram lækkun gjaldtöku og að auka lóðafframboð.



Áhersla	Punktur
Jákvæðni og virðing	Ekki hlusta á neikvæðni Að vera jákvæð í garð fyrirtækja á svæðinu Líðlegheit Samvinna og virðing Taka jákvætt í erindið er varða atvinnuuppbyggingu
Byggja upp innviði	Byggja upp innviðina og tryggja að fólk vilji búa og starfa hér Hlúa að innviðum sveitarfélagsins Passa upp á innviðina Stækka höfnina Efla innviði eins og verlsun og þjónustu
Samgöngur og vetrarfærð	Tvöfalda þrengslin Beita sér fyrir betri vetrarþjónustu á þjóðvegum Tryggja gott aðgengi að fyrirtækjum allt árið (ryðja betur) Endurnýja gatnakerfið
Lækka gjaldtöku	Lægri fasteignagjöld Hófsemi í skattlagningu á atvinnuhúsnæði Draga úr óþarfa kostnaðar hlut fyrirtækja Lægja lóðarverð fyrir fyrirtæki
Laða að fyrirtæki með ákveðnum áherslum/gildum	Velja fyrirtæki sem veita fjölbreytt atvinnutækifæri Fjárfesta í fyrirtækjum sem vilja sjá jákvæða uppbyggingu Eltast við lítið mengandi iðnað Auka fjölbreytni = öflugt samfélag Velja út nýsköpunarfyrirtæki
Skipulag og byggingarmál	Atvinnusvæðið eins og sprunginn vindill og iðnaðarhúsnæði almennt notað sem íbúðir Skilvirkni í skipulags- og byggingarmálum
Auka lóðarframboð	Þjóða upp á meira af lóðum Gott úrval af lóðum
Efla þjónustusvið Sveitarfélagsins	Bæjarskrifstofur/sviðsstjórar flöskuháls í ört stækkandi sveitarfélagi Það er mikilvægt að kjörnir fulltrúar og embættismenn leggi sig fram við að þjónusta íbúa og fyrirtæki á svæðinu
Hlusta á íbúa	Hlusta á íbúa svo sátt verði í samfélaginu Hlusta á skoðanir íbúa og fyrirtækja og vinna í sátt og samlyndi við alla
Annað	Bara auka gagnsæi Meiri fyrirsjáanleiki og skýrari boðleiðir Tryggja rafmagn Að leita leiða að hygla íbúum og þeim sem starfa hér án þess að brjóta á rétti annarra Ekki skipta við fjárglæframenn Tryggja nægt leikskólapláss og útbúa aðstöður fyrir börn Veita húsnæðisaðstoð fyrir sprotafyrirtæki og nýsköpunaraðila

Graf 4. Yfirlit yfir þá punkta sem komu fram varðandi bætingu á þjónustu.


Fjárfest innan Ölfus

Næsta spurning snéri að því hvernig viðkomandi telji að sveitarfélagið geti fengið fyrirtæki til að fjárfesta í uppbyggingu innan sveitarfélagsins Ölfus.

Spurning:

Hvernig getur Ölfus haft áhrif á ákvarðanatöku fyrirtækja varðandi fjárfestingar og fjölgun starfa innan sveitarfélagsins?

Flestir töldu að með jákvæðu viðhorfi, með skýrum áherslum í skipulagi, nægu framboði á lóðum ásamt frekari uppbyggingu innviða væru leiðirnar sem líklegastar væru til að ná árangri í því að hafa áhrif á fyrirtækin til að fjárfesta í Ölfusi (Graf 5). Einnig var nefnt að halda úti kynningum og styrkja ímynd Sveitarfélagsins (Graf 5).




Graf 5. Yfirlit yfir það hvað svarendur telja að Sveitarfélagið getur gert til fá fyrirtæki til að fjárfesta innan Ölfuss.



Tækni- og hugverkaiðnaðurinn

Tækni- og hugverkaiðnaður hefur verið í örum vexti undanfarin ár og hefur nú fest sig í sessi sem fjórða stoð útflutnings þjóðarþúsins. Þessi iðnaður er ekki áberandi innan Ölfus og því var spurt hvort viðkomandi telji að sveitarfélagið eigi að styðja við uppbyggingu þessarar greinar? Alls svöruðu 85% spurningunni játandi en tæplega 15% töldu að sveitarfélagið ætti ekki að gera það.

Næst voru svarendur beðnir um að koma með dæmi um hvernig sveitarfélagið geti stutt við fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði sem vilja koma inn á svæðið? Yfrignæfandi fjöldi svarenda nefndi hér að hafa nægt framboð af lóðum og bjóða einhverskonar aðstöðu, vinnuaðstöðu eða skrifstofurými í samstafi við þriðja aðila eins og Ölfus Cluster eða einhverja verktaka. Einnig kom fram að það hafi vantað hvata til bygginga á húsnæði og framboð á leighúsnæð. Lækkun gjalda tímabundið kom fram sem einn möguleiki eða aðstoða fyrirtækin í gegnum stjórnsýsluna. Einnig var þó tekið fram að ekki eigi að taka fyrirtæki í tækni og hugverkaiðnaði sérstaklega út fyrir sviga heldur eigi að taka vel á móti öllum fyrirtækjum.



Gildin

Í stefnumótunarvinnu vísa GILDI til þeirra megin reglna, viðhorfa eða viðmiða sem eiga að stýra ákvörðunarferli og forgangsörðun í vinnu sveitarfélagsins. Gildin hafa þannig almennt áhrif á áherslur í markmiðssetningu og gerð framkvæmdaáætlana.

Í íbúakönnuninni var spurt hvaða gildi viðkomandi telji að eigi að varða leið Ölfus í átt að metnaðarfullri atvinnustefnu og framtíðarsýn. Óskað var eftir því að viðkomandi nefndi fimm gildi og raðaði þeim eftir mikilvægi. Þau gildi sem lögð voru til eru hér listuð upp og koma fram í þeirri röð sem sem þau voru oftast nefnd:

Heiðarleiki; Umhverfismál; Rekstraröryggi/Öryggi; Nýsköpun; Frelsi; Jafnréttir; Sanngirni; Metnaður; Fjölbreytni; Verðmætasköpun; Jákvæðni; Samheldni; Samvinna; Fyrirsjáanleiki; Kraftur/Vald; Framsækni; Frumkvæðni; Hagkvæmni; Umburðarlindi; Opin samskipti; Sjálfbærni; Heilbrigði; Hreinleiki; Virðing; Stuðningur; Hagur íbúa.



Flokkun gilda

Með því að flokka gildin má betur gera sér grein fyrir áherslum svarenda. Sum þessara gilda geta fallið undir fleiri en einn flokk allt eftir samhengi umræðunnar og er hér gerð tilraun til að skilgreina gildin nánar:

A. Siðferðisleg Gildi

- 1. Heiðarleiki:** Að vera sannur og gagnsær í aðgerðum og samskiptum.
- 2. Virðing:** Að meta sjálfsvirðingu og réttindi einstaklinga.
- 3. Réttlæti:** Að tryggja sanngjarna meðferð og jafna dreifingu auðlinda.
- 4. Gagnsæi:** Að vinna í opnum samskiptum og fyrirsjáanlegum ferlum.
- 5. Umburðarlindi:** Að meðtaka og virða mismunandi trúarbrögð og lífnaðarhætti.
- 6. Opin samskipti:** Að hvetja til skýrra og heiðarlegra samskipta á milli einstaklinga og hópa.

B. Félagsleg Gildi

- 7. Frelsi:** Að stuðla að félagslegu og pólitísku frelsi
- 8. Sanngirni:** Að meðhöndla alla með hlutleysi og jafn aðgangur að tækifærum.
- 9. Fjölbreytni:** Að meta og virða mismunandi bakgrunn einstaklinga og hópa.
- 10. Samheldni:** Að stuðla að félagslegum tengslum og samþættingu innan samfélaga.
- 11. Samvinna:** Að leggja áherslu á teymisvinnu og samstarfsaðferðir.

C. Efnahagsleg Gildi

- 12. Verðmætasköpun:** Að skapa efnahagslegan ágóða og ávinning fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið.
- 13. Rekstraröryggi:** Að skapa öruggt rekstrarumhverfi
- 14. Skilvirkni:** Að ná hámarks framleiðni með lágmarks sóun.
- 15. Fyrirsjáanleiki:** Að veita áreiðanlegar og stöðugar upplýsingar í ferlum og stefnum.
- 16. Kraftur/vald:** Getan til að hafa áhrif á ákvarðanir, stjórna auðlindum og móta niðurstöður.

D. Umhverfisgildi

- 17. Umhverfi:** Að takast á við umhverfisvandamál og stuðla að góðri vistfræðilegri heilsu.
- 18. Sjálfbærni:** Að tryggja ábyrga notkun auðlinda fyrir komandi kynslóðir.
- 19. Hreinleiki:** Að viðhalda hreinu umhverfi án mengunar og sóðaskapar.

E. Heilsa og Velferð

- 20. Öryggi:** Að vernda einstaklinga gegn skaða og tryggja öruggt starfsumhverfi.
- 21. Heilsa:** Að leggja áherslu á velferð og líkamlega heilsu einstaklinga og samfélaga.

F. Nýsköpun og Framfarir

- 22. Nýsköpun:** Að taka fagnandi á móti nýjum hugmyndum, tækni og aðferðum til úrbóta.
- 23. Framfarir:** Að einblína á lausnir sem horfa fram á við og félagslegar umbætur.
- 24. Metnaður:** Drifkraftur til að ná árangri og leggja áherslu á hærri markmið.
- 25. Framsýni:** Að hvetja til virkni og að taka frumkvæði til að skapa breytingar.
- 26. Jákvæðni:** Að efla von og uppbyggilegt viðhorf gagnvart framtíðinni.

G. Gildi Fyrir Heildar Ávinning

- 27. Stuðningur:** Að veita aðstoð og hvatningu innan samfélaga.
- 28. Ávinningur íbúa:** Að einbeita sér að stefnum og aðgerðum sem stuðla að auknum lífsgæðum og bætir heildar velferð samfélagsins.

Áherslur

Spurt var Hverjar telur þú að eigi að vera fimm megin áherslur í atvinnustefnu Ölfuss, raðað eftir mikilvægi. Það var greinilegt að svarendur voru á því að megin áherslan ætti að vera að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og laða eigi að ný fyrirtæki en. Alls svöruðu 45% þáttakenda því að mikilvægast væri að leggja áherslu á Fjölbreytt atvinnulíf og flestir völdu það að laða til sýn ný fyrirtæki kæmi þar á eftir.

Hér er hinsvegar samantekt á þeim megin áherslum sem þátttakendur telja að leggja eigi áherslu á í atvinnustefnu Ölfuss, raðaðar eftir mikilvægi samkvæmt niðurstöðum könnunar:

1. Fjölbreytt atvinnulíf: Til að tryggja efnahagslega velferð í sveitarfélaginu. Fjölbreytni í atvinnulífi hjálpar til við að leiða af sér nýja tækifæri, draga úr efnahagslegri áhættu og stuðla að stöðugleika.


2. Laða að ný fyrirtæki: Nýsköpun og ný fyrirtækji eru mikilvæg fyrir hagvöxt innan sveitarfélagsins. Með nýjum fyrirtækjum skapast störf og nýjar lausnir, sem er nauðsynlegt fyrir frekari vöxt.

3. Bæta starfsumhverfi fyrirtækja og jákvætt viðmót gagnvart ólíkum fyrirtækjum: Áhersla á gott starfsumhverfi og að hafa jákvætt viðmót gagnvart fyrirtækjum sem hingað sækja er lykillinn að því að laða til sveitarfélagsins ný fyrirtæki. Gott umhverfi fyrir fyrirtæki auðveldar þeim að blómstra og dafna. Jákvætt viðhorf hjá almenningi og stjórnvöldum getur leitt til aukinnar nýliðunar og virkað sem að aðráttarafl fyrir ný fyrirtæki.

4. Uppbygging innviða og tryggja orku: Öflugir innviðir- og nægt orkuframboð er nauðsynlegt fyrir rekstur atvinnulífsins. Góðir og traustir innviðir, eins og ýmis þjónusta, samgöngur, fjarskiptatækni og nægt orkuframboð styrkir fyrirtækin, eykur samkeppnishæfni og stuðlar að sjálfbærni fyrirtækjanna.

5. Hlúa að núverandi fyrirtækjum, umhverfisvitund, halda áfram með uppbyggingu hafnarinnar, og aðgengi að lóðum: Þessi atriði undirstrika mikilvægi þess að styðja við núverandi rekstraraðila, vernda umhverfið, bæta aðgengi að nauðsynlegum auðlindum, og að halda áfram að bæta innviði, sérstaklega hafnaraðstöðu sem stuðlar að frekari viðskiptaþróun.

Áherslur eins og samgöngur, áhersla á tækni og nýsköpunar fyrirtæki, verðmætasköpun, og áhersla á auðlindanýtingu, eru einnig mikilvæg en raða sér í minni forgangsatriðum. Loks voru nefnd atriði eins og heilsuvörur úr sjávarfangi, fegrun bæjarins, áhersla á matvælaframleiðslu, samstarf, upplýsingatækni, skipulagsmál, og öryggismál. Allt atriði sem skipta máli en ekki sett í forgang meðal svarenda sem áhersluatriði í atvinnustefnu sveitarfélagsins.



Framtíðarsýn Ölfus

Þáttkendur voru beðnir um að segja í stuttu máli hver framtíðarsýn viðkomandi er fyrir atvinnulífið í Ölfusi. Niðurstaðna er sýn ólíkra aðila með mismunandi áherslur og viðhorf (sjá sunduliðað í viðauka). Við fengum hinsvegar gervigreind til að taka þessi svör og setja saman í eina heilsteypta sýn.

Atvinnuuppbygging og fjölbreytni

Við sjáum Ölfus þróast í að vera eitt af sterkustu sveitarfélögum landsins í atvinnuuppbyggingu, með öflug fyrirtæki sem nýta bæði innlent og erlent vinnuafli og stuðla þannig að fjölbreytni í atvinnulífinu.

Markmiðið er að skapa fjölbreytt atvinnulíf byggt á sterkum stoðum stærri fyrirtækja sem setjast að til frambúðar.

Nýsköpun og umhverfisvæn þróun

Við viljum sjá blómstrandi minni fyrirtæki í nýsköpun og þjónustu sem vaxa í skjóli stærri fyrirtækja og miða að því að vera umhverfisvæn.

Þegar kemur að skipulagi atvinnusvæða verður mengun haldið í skefjum, og fyrirtæki sem gætu haft umhverfisáhrif verða staðsett þannig að þau hafi lágmarks áhrif á byggðina.

Sátt og samvinna

Fyrirtæki skulu starfa í sátt við íbúana og virða umhverfismál sem okkar flaggskip, veita fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir fólk með mismunandi menntun.

Við leitumst við að byggja upp samfélag sem er stolt af heiðarleika og virðingu í samskiptum við starfsfólk og íbúa.

Höfn og samgöngur

Uppbygging hafnarinnar verður í forgangi sem miðstöð innflutnings og tengdra fyrirtækja.

Góðar samgöngur stuðla að vexti í atvinnulífi og hjálpa bæði íbúum og fyrirtækjum að blómstra.

Aukning sérhæfðra starfa

Áhersla verður lögð á að fjölga sérhæfðum störfum og gera Ölfus að hálaunasvæði, með því að laða að matvælatækni og hátækniidnað.

Auðlindanýting og verðmætasköpun

Ölfus skal vera höfuðstaður sóknar atvinnulífsins á forsendum ábyrgrar nýtingar auðlinda og verðmætasköpunar.

Með þessari framtíðarsýn vonumst við til að styrkja samfélagið í Ölfusi, gera það fjölbreyttara og blómlegra, í sátt við íbúa og umhverfi sveitarfélagsins.



Úrdráttur AI - möguleg framtíðarsýn fyrir Ölfus

Ölfus miðar að því að verða leiðandi á landsvísu með fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem byggir á traustum grunni. Hér starfa fyrirtæki í sátt við samfélagið og náttúruna, með skýra áherslu á nýsköpun og sjálfbærni. Höfnin verður lykil inn- og útflutningsmiðstöð landsins, sem ásamt góðum og öruggum samgöngum eflir og styrkir þróun fjölbreytts atvinnulífs. Við leggjum sérstaka áherslu á nýsköpun á sviði matvælatækni og öðrum sérhæfðum störfum, ásamt því að nýta auðlindir af ábyrgð til að skapa verðmæti og blómlegt samfélag fyrir íbúa. Með þessari sýn miðum við að því að skapa uppbyggilega framtíð þar sem fjölbreytt atvinnulíf er grunnstoð samfélagsins í Ölfusi.

Yfirlit yfir spurningar

Spurning 1. Samþykki og meðferð persónuupplýsinga
Spurning 2. Hvar er núverandi búseta. Búseta er sá staður þar sem þú hefur skráð lögheimili?
Spurning 3. Hvernig skilgreinir þú kyn þitt?
Spurning 4. Hvaða aldursbil á við um þig?
Spurning 5. Hvert er þitt móðurmál?
Spurning 6. Hvers kyns námi hefur þú lokið?
Spurning 7. Hvað annað sértæka nám hefur þú stundað og er ekki nefnt í spurningunni um Menntastig?
Spurning 8. Hver er staða þín á vinnumarkaði
Spurning 9. Í hvaða sveitarfélagi sækir þú vinnu fyrst þú starfar ekki innan Ölfuss?
Spurning 10. Hvað af eftirfarandi á við þig? Er í námi samhliða vinnu til þess að efla mig í starfi; - Er í námi samhliða vinnu til að eiga möguleika á að fá betra launað starf; - Er ekki í námi en stefni á frekara nám; - Er ekki í námi og reikna ekki með að mennta mig frekar.
Spurning 11. Hverjir eru helstu styrkleikar atvinnulífsins í Ölfusi að þínu mati?
Spurning 12. Hverjir eru helstu veikleikar atvinnulífsins í Ölfusi að þínu mati?
Spurning 13. Hvaða tækifæri eru fyrir atvinnulífið í Ölfusi að þínu mati?
Spurning 14. Hvaða ógnanir eru fyrir atvinnulífið í Ölfusi að þínu mati?
Spurning 15. Hverjir eru helstu kostir þess að reka fyrirtæki í Ölfusi?
Spurning 16. Hverjir eru helstu gallar þess að reka fyrirtæki í Ölfusi?
Spurning 17. Hvernig myndir þú raða eftirfarandi eftir mikilvægi fyrir atvinnulífið hér í Ölfusi næstu 3-5 árin? Mikilvægast; Mikilvægt; Skiptir ekki máli.
Spurning 18. Hvernig telur þú að Ölfus geti bætt þjónustu sína við atvinnulífið og mætt betur þörfum og áskorunum starfandi fyrirtækja á svæðinu?
Spurning 19. Hvernig getur Ölfus haft áhrif á ákvarðanatöku fyrirtækja varðandi fjárfestingar og fjölgun starfa innan sveitarfélagsins?
Spurning 20. Hvaða eftirfarandi málaflokkar telur þú að sveitarfélagið eigi að setja í forgang í þeim tilgangi að efla atvinnulífið á næstu 5-10 árum? Samgöngur; Skipulagsmál; Heilbrigðismál/lyðheilsa; Menntamál; Veitumál/fráveita; Orkumál; styrking innviða; Þjónusta til fyrirtækja; Umhverfismál almennt.

Viðaukar

Blaðsíða 16. - Spurning 11. Hverjir eru helstu styrkleikar atvinnulífsins í Ölfusi að þínu mati?

Blaðsíða 16. - Spurning 12. Hverjir eru helstu veikleikar atvinnulífsins í Ölfusi að þínu mati?

Blaðsíða 17. - Spurning 13. Hvaða tækifæri eru fyrir atvinnulífið í Ölfusi að þínu mati?

Blaðsíða 17. - Spurning 14. Hvaða ógnanir eru fyrir atvinnulífið í Ölfusi að þínu mati?

Blaðsíða 18. - Spurning 15. Hverjir eru helstu kostir þess að reka fyrirtæki í Ölfusi?

Blaðsíða 18. - Spurning 16. Hverjir eru helstu gallar þess að reka fyrirtæki í Ölfusi?

Blaðsíða 19. - Spurning 18. Hvernig telur þú að Ölfus geti bætt þjónustu sína við atvinnulífið og mætt betur þörfum og áskorunum starfandi fyrirtækja á svæðinu?

